

# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1998

---

2. janúar 1998

1

Nr. 1

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552 28. desember 1993, með áorðnum breytingum:

Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækka um 1,7%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

*Iðnaðarráðuneytinu, 2. janúar 1998.*

**Jón Ingimarsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*

2. janúar 1998

Nr. 2

## AUGLÝSING

### um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglna nr. 189 frá 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, sbr. 3.-5. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997. Samgönguráðuneytið hefur ennfreður ákveðið að fresta gildistöku 6. og 7. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997 um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestanir þessar gilda til 1. janúar 1999.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 2. janúar 1998.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Kristján Vigfússon.*